

Kemur út í 4 heftum á ári, minnst 48 blaðsíður hvert hefti. — Árgangurinn kostar kr. 100.00 og greiðist fyrir 1. maí. — Útsöllumenn fá 20% innheimtulaun. — Útgefendur og ritstjórar: Hannes J. Magnússon, rithöfndur, Háaleitisbraut 117, Reykjavík og Eiríkur Sigurðsson, fyrrv. skólastj., Hvannavöllum 8, Akureyri. — Prentað í Prentsmiðju Björns Jónssonar h.f.

34. ÁRGANGUR  
APRÍL—JÚNÍ  
2. HEFTI 1968

## INGIMAR EYDAL, hljómsveitarstjóri



Ingimar Eydal er þekktasti hljómsveitarstjóri hér á Akureyri, og jafnframt hefur hann söngkennslu á hendi. Hann lifir og hrærist í ríki tónanna, við kennslu á daginn og í Sjálfstæðishúsinu á kvöldin.

Vorið hefur átt stutt viðtal við hann, einkum um störf hans og áhugamál.

— *Pú ert Akureyringur, Ingimar?*

— Já, ég er fæddur hér og uppalinn. Er gagnfræðingur frá gagnfræðaskólanum hér og stundaði nám í Tónlistarskólanum í 6 vetur. Svo tók ég söngkennarapróf í Kennaraskólanum og landspróf. Fór aftur að dunda við nám með spilamennskunni. Var svo two vetur í menntaskóla, annan hér á Akureyri, en hinn á Laugarvatni.



*Hljómsveit Ingimars Eydal.  
Ingimar, Þorvaldur, Finnur, Friðrik, Hjalti og Helena.*

- *Hafðir þú snemma áhuga á tónlist?*
- Ég veit ekki, hvað skal segja um fyrstu árin. Ég byrjaði í tónlistarskóla, þegar ég var 7 ára, og var þá stundum latur við æfingar. Áhuginn kom síðar. Ég var fyrst mjög á móti allri létttri tónlist, það breyttist einnig síðar.
- *Hefur þú kennt lengi söng?*
- Ég kenndi two vetur á Dalvík í barna- og ungingaskólanum. En í vetrar hef ég kennt í Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskólanum.
- *Hvaða álit hefur þú á nýrri tónlist?*
- Ég hef mjög gaman af nýrri skemmtitónlist. Pessi nýja tónlist byrjaði með bítlunum og fer alltaf batnandi. Í djassínnum t.d. er mikil leikgleði, en gerir jafnframt kröfur til áheyrenda. En ég er ekki sáttur við elektrónískatónlist, hef ef til vill ekki hlustað nógu mikið á hana. Mér virðist hún bezt til að skapa hughrif, til dæmis að tjaldabaki við leiksýningar, en varla geta staðið sjálfstæð.

— Og þú ert alger bindindismaður?

— Já, ég sá fljótt, að bezta tryggingin til að geta stundað þetta starf var algert bindindi. Og því meira, sem ég sé af áhrifum áfengis, því ákveðnari verð ég í því, að bindindi sé það æskilegasta. Fjörugustu dansleikir, sem ég hef spilað á, er þar sem ungt fólk hefur skemmt sér án áfengis. Það er mesta falskenning, að þörf sé á áfengi til að skemmta sér. Það er mín reynsla.


— Viltu svo segja eithvað að lokum?

— Mig langar til að minnast á tvennt. Margir hafa meiri frístundir en áður. Það þarf að gera þeim kleift að nota þessar stundir til meira náms en nú er gert. Menn ættu að geta lesið heila bekki í skólum heima með námsefni á segulböndum, ef það væri undirbúið þannig. Mikilvægt er að nota frístundirnar til gagns.

Hitt er um unglingsana. Þá vantar athvarf í tómstundum sínum. Félagsheimili skátanna, Hvammur, er merkilegt framtak, og ætti að bæta eithvað úr því. Það vantar skemmtistað, þar sem unglingsar geta skemmt sér og hafa sjálfir einhverja ábyrgð á rekstrinum. Unglingadansleikir þeir, sem ungt templarafélagið Fönn hefur haft í Lóni í vetur, hafa heppnatz mjög vel. Ég tel afleitt, að unglingsar sæki sveitadansleiki eða dansleiki fullorðinna hér í bænum. Áfengið er karakterpróf fyrir hvern þann, sem neytir þess, og mikið skapgerðarpróf fyrir marga, sem standast það misjafnlega vel.

Minnist þess, að umferðarbreytingin frá vinstri til hægri verður 26. maí næstkomandi.

Gætið vel þessarar breytingar og leggið ykkur fram til að vera góðir vegfarendur.



**26-5 1968**